

Þátttaka Íslands í samstarfsáætlunum ESB 2028-2034

Mál nr. S-38/2026 í samráðsgátt stjórnvalda

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, Bjarkarhlíðar, Bjarmahlíðar, Geðhjálpar, Landssamtakanna Proskahjálpar, Rauða krossins á Íslandi, Samtaka um kvennaathvarf, Samtakanna 78, Sigurhæða, Stígamóta, Suðurhlíðar, Tabú feminískrar fötlunarhreyfingar, UN Women Ísland, UNICEF á Íslandi, W.O.M.E.N. - samtaka kvenna af erlendum uppruna og ÖBÍ réttindasamtaka.

Stjórnvöld hafa nú til skoðunar hvernig háttta skuli þátttöku Íslands í samstarfsáætlunum Evrópusambandsins á næsta starfstímabili þeirra. Á samráðsfundi 18. febrúar sl. kom fram að verið sé að rýna hvort taka skuli fullan þátt í nýrri AgoraEU-áætlun sem mun sameina tvær eldri áætlanir; menningar- og kvikmyndaáætlunina Creative Europe, sem Ísland hefur tekið þátt í á tímabilinu sem er að ljúka, og Citizens, Equality, Rights and Values Programme (CERV), sem Ísland á ekki aðild að í dag.

Undirrituð samtök kalla eftir því að aðild Íslands að CERV-hluta AgoraEU sé tryggð á tímabilinu 2028-2034. Því myndu fylgja mikil tækifæri fyrir mannréttindasamtök til að eiga alþjóðlegt samstarf og sækja styrki í verkefni sem gætu orðið lyftistöng fyrir eflingu jafnréttis og mannréttinda og stuðningur við baráttuna gegn ofbeldi í íslensku samfélagi.

Á næsta starfstímabili mun CERV byggja á þremur meginstoðum:

- 1) Efling réttinda, baráttan gegn mismunun og jafnrétti
- 2) Lýðræðisleg þátttaka og efling borgarasamfélagsins
- 3) Forvarnir og barátta gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum

Verkefni á öllum þessum sviðum eru mikilvæg í starfi samtakanna, en nærtækt er að benda á mögulegan ávinning af þeim hluta CERV sem í dag fjallar um baráttuna gegn ofbeldi. Sá styrkjaflokkur var áður Daphne-áætlunin, sjálfstæð áætlun sem Ísland var aðili að og veitti fjölda íslenskra félagasamtaka stuðning til að ráðast í mikilvæg verkefni. Má þar nefna:

- *Skuggahliðar nútíma fólksflutninga*, verkefni undir stjórn Stígamóta til að skoða stöðu erlendra kvenna í ofbeldissamböndum með innlendum körlum
- *Börn sem eru vitni að heimilisofbeldi*, skýrsla Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um félagslegan stuðning og úrræði sem í boði eru
- *Ofbeldi gegn fötluðum konum og aðgengi þeirra að stuðningsúrræðum*, rannsókn sem unnin var af Rannsóknarsetri í fötlunarfræðum

Samtökin sem standa að þessari áskorun láta sig jafnrétti, mannréttindi og baráttuna gegn ofbeldi miklu varða. Það er eindregin afstaða samtakanna að þeim málaflokkum og þar með íslensku samfélagi væri til mikilla hagsbóta að geta sótt stuðning í CERV-áætlun um borgaralega þátttöku, jafnrétti, réttindi og gildi á tímabilinu 2028-2034.

Virðingarfyllst,

Tóttla I. Sæmundsdóttir
framkvæmdastjóri, **Barnaheill - Save the Children á Íslandi**

Jenný Kristín Valberg
teymisstýra, **Bjarkarhlíð**

Birna Guðrún Árnadóttir
teymisstýra, **Bjarmahlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi**

Svava Arnardóttir
formaður, **Geðhjálp**

Katarzyna Kubis
verkefnastjóri, **Landssamtökin Þroskahjálp**

Jón Brynjar Birgisson
sviðstjóri aðgerðarsviðs, **Rauði krossinn á Íslandi**

Linda Dröfn Gunnarsdóttir
framkvæmdastýra, **Samtök um kvennaathvarf**

Kári Garðarsson
framkvæmdastjóri, **Samtökin 78**

Anna Björg Stefánsdóttir
framkvæmdastýra, **Sigurhæðir, þolendamiðstöð gegn kynbundnu ofbeldi á Suðurlandi**

Drífa Snædal
talskona, **Stígamót**

Inga Dóra Jónsdóttir
teymisstýra, **Suðurhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Suðurnesjum**

Jana Birta Björnsdóttir
verkefnastýra, **Tabú feminísk fötlunarhreyfing**

Stella Samúelsdóttir
framkvæmdastýra, **UN Women Ísland**

Birna Þórarinsdóttir
framkvæmdastjóri, **UNICEF á Íslandi**

Maru E. Alemán
formaður, **W.O.M.E.N. - samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi**

Alma Ýr Ingólfssdóttir
formaður, **ÖBÍ réttindasamtök**